

Sp.

427. Tillaga til þingsályktunar

[204. mál]

um endurskoðun laga um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum o. fl.

Flm.: Pálmi Jónsson.

Alþingi ályktar að fela landbúnaðarráðherra að láta endurskoða lög um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum; enn fremur önnur lög og lagafyrirmæli, er varða ríkisframlög til jarðræktar, bygginga og byggðaþróunar í sveitum, og taka til athugunar, hvort eigi sé ástæða til að samræma þau og fella inn í lögin um Stofnlánadeild o. fl.

Hér er þó ekki lagt til að endurskoða II. kafla laganna, er fjallar um Stofnlánadeild landbúnaðarins.

Greinargerð.

Frá því er lögin um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum voru sett 1962, hafa þrívægis verið gerðar á þeim minni háttar breytingar. Sá hluti þeirra, er fjallar um Landnám ríkisins, er þó að meginefni mun eldri, enda þótt miklar breytingar hafi verið gerðar frá því er fyrst voru sett lög um þetta efni 1941. Þrátt fyrir, að lögin hafi verið endurskoðuð á tiltölulega fárra ára fresti, virðist augljóst, að þau hafa tæpast fylgt eftir þróuninni í landbúnaðinum nú hin síðustu ár, þeirri þróun, sem þau vissulega hafa átt sinn gilda þátt í að hrinda áfram.

Með þeirri endurskoðun, sem hér er lagt til að fram fari á lögunum, er þess vænt, að takist að samræma þau nýjum viðhorfum og marka þeim skýrari framtíðarstefnu í viðleitni til áhrifa á byggðaþróun og uppbyggingu í sveitum landsins. Jafnframt verði leitast við að sneiða hjá þeim ágöllum, sem komið hafa í ljós hin síðustu ár. Lögin virðast t. d. ýta um of undir skiptingu jarða vegna takmarkana á framlögum til jarðræktar eftir stærð ræktunarlands. Skipting á göðum jörðum getur í vissum tilvikum átt rétt á sér, en allt of mörg dæmi eru þess, að sú ráðstöfun hefur reynzt til óþurftar, og er hætt við, að þess gæti meira í framtíðinni.

Ýmis ákvæði laganna um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám o. fl. eru næsta óljós, eins og t. d. er viðkemur byggðaþróun, en jafnframt hafa verið sett önnur lagafyrirmæli, sem hafa skyld verksvið, þó að þau gangi ekki í sömu átt, eins og lögin um jarðeignasjóð ríkisins, nr. 54 27. apríl 1967.

Við endurskoðun laga þessara virðist ástæða til að taka til athugunar, hvort eigi sé unnt að koma við meiri hagkvæmni í skiptingu verkefna milli Búnaðarfélags Íslands og Landnáms ríkisins að því er varðar framlög til ræktunar og bygginga í sveitum.

Fljótt á litið sýnist ekki óeðlilegt, að innan stofnlánadeildarlaganna rúmist ákvæði um hvort tveggja í senn, lánveitingar og ríkisframlög til styrktar þessum framkvæmdum, í stað þess að dreifa þeim verkefnum á hendur fleiri aðila.

Fyrir Alþingi liggja nú tvö mál, á þskj. 286 og þskj. 394, er varða einstaka þætti í lögum um Stofnlánadeild o. fl. Þau atriði rúmast vitaskuld mjög vel innan þeirrar endurskoðunar, sem hér er lagt til að gerð verði, og krefja einmitt frekar en ella fram þá heildarendurskoðun, sem hér er stefnt að.

Mörg rök virðast því hníga að því, að nú sé eðlilegt að láta fara fram endurskoðun stofnlánadeildarlaganna ásamt athugun á samræmingu skyldra lagafyrirmæla. Með því sé stefnt að því, að þau verði á komandi árum ekki síður en hingað til landbúnaðinum öflug lyftistöng og þjóðarheildinni til heilla.